



A 1715/tillväxt

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Nefndarálit Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndarinnar
um Global Deal

Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar vegna þingmannatillögu A 1715/tillväxt.

Forsaga

Flokkahópur jafnaðarmanna skilaði inn þingmannatillögu um að Norræna ráðherranefndin og ríkisstjórnir Norðurlanda ættu að gerast aðilar að „Global Deal“ og styðja Global Deal-yfirlýsinguna. Markmiðið með Global Deal er að stuðla að bættu samráði aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda, með það fyrir augum að bæta ráðningarkjör og auka framleiðni. Global Deal er verkefni frá forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven. Sem stendur er Svíþjóð eina norræna landið sem hefur gerst aðili að Global Deal.

Þingmannatillagan leggur til að:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin fylki sér undir fána Global Deal og beiti sér fyrir því að allar norrænar stofnanir sem starfa með ráðherranefndinni geri það einnig;

að hún beiti sér fyrir því að norrænu ríkisstjórnirnar taki þátt í Global Deal og gerist aðilar að yfirlýsingu þess.

Álit nefndarinnar

Á fundinum kom upp umræða um að hverju Global Deal í raun miðaði, sem ekki væri þegar sinnt innan ramma Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO). Sumir töldu að Norðurlöndin ættu ekki að vinna að því að dreifa sinni samfélagsgerð til annarra þar sem það gæti leitt til þess að aðrir vildu þröngva sinni samfélagsgerð upp á Norðurlöndin. Aðrir báru fyrir sig mótbárur um að ekki væri æskilegt á þennan hátt að færa mál úr innanlands í alþjóðlegan farveg. Um leið var bent á að Global Deal miðaði að því að finna góða lausn eða venju fyrir samskipti aðila vinnumarkaðarins og að líta mætti á viðleitnina sem hluta af sjálfbærnimarkmiðum SP fram til ársins 2030. Ósamkomulagið í nefndinni leiddi til atkvæðagreiðslu.



Atkvæði féllu þannig að 9 voru á móti og 6 með því að nefndin ætti að vinna áfram með tillöguna.

Flokkahópur jafnaðarmanna gerði fyrirvara við niðurstöðuna (hér fyrir neðan).

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Erlend Wiborg (FrP)
Håkan Svenneling (V)
Juhana Vartiainen (saml)
Katri Kulmuni (cent)
Lars Tysklind (L)
Lena Asplund (M)
Magni Arge (T)

Mikael Staffas (Lib)
Mikkel Dencker (DF)
Norrønt frelsi (NF)
Per Olaf Lundteigen (Sp)
Pål Jonson (M), Svíþjóð
Torgeir Knag Fylkesnes (SV)

Fyrirvari

Fulltrúar jafnaðarmanna í Norrænu hagvaxtar- og þróunarnefndinni gera fyrirvara við ákvörðun nefndarinnar og leggja til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að Norræna ráðherranefndin fylki sér undir fána Global Deal og beiti sér fyrir því að allar norrænar stofnanir sem starfa með ráðherranefndinni geri það einnig;

að hún beiti sér fyrir því að norrænu ríkisstjórnirnar taki þátt í Global Deal og gerist aðilar að yfirlýsingu þess.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Kjell-Idar Juvik (A)
Ruth Mari Grung (A)
Pyry Niemi (S)